

Samræmd starfsleyfisskilyrði vegna hollustuhátta, sbr. lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum

Starfsleyfisskilyrði fyrir fangelsi

1. Almenn ákvæði og gildissvið

- 1.1 Fangelsi skiptast í skammtímagæslu, gæsluvarðhaldsfangelsi og afplánunarfangelsi.
- 1.2 Starfsleyfið gildir aðeins í húsnæði sem tilgreint er í starfsleyfinu og og hlotið hefur samþykki byggingarnefndar.
- 1.3 Ef um annan starfsleyfisskyldan rekstur er að ræða samhliða gilda viðeigandi starfsleyfisskilyrði.
- 1.4 Aðgangur skal vera að neysluvatni, um gæði þess gilda ákvæði reglugerðar um neysluvatn
- 1.5 Rekstraraðili ber ábyrgð á rekstri fyrirtækis að öllu leyti þar með talið að lögum og reglum, sem eiga við um starfsemina, sé fylgt sem og kröfum í starfsleyfisskilyrðum.

2. Húsnæði og búnaður

- 2.1 Húsnæði skal vera vel viðhaldið. Vistarverur skulu vera aðskildar frá óskyldum atvinnurekstri eða íbúð.
- 2.2 Húsakynni skulu vera hæfilega hituð, lýst og loftræst á fullnægjandi hátt. Jafnframt skal vera hægt að útiloka birtu.
- 2.3 Aðgangur skal vera að loftræstri ræstiaðstöðu og skolvaski á hverri hæð eða rekstrareiningu. Þar skal vera nægilegt geymslurými fyrir ræstiahöld og efnavöru.
- 2.4 Stærð klefa í skammtímagæslu skal vera minnst 5 m². Fangi skal hafa aðgang að svefnbekk, koddar, teppi og sængurfötum eftir því sem við á. Ef snyrting er ekki inn af klefa skal hún og fullbúin baðaðstaða vera aðgengileg. Leitast skal við að hafa eins manns fangaklefa.
- 2.5 Í gæsluvarðhalds- og afplánunarfangelsum skal hver klefi ekki vera minni en 8 m² með fataskáp, borði, stól, ruslafötu og spegli (álþynna). Þar skal vera fullbúin snyrting skermuð frá svefnaðstöðu og greiður aðgangur að fullbúinni baðaðstöðu ef hún er ekki í beinum tengslum við herbergi. Ef snyrting er ekki inn af klefa skal hún og fullbúin baðaðstaða vera aðgengileg. Á snyrtingum skulu vera einnota handþurrkur og fljótandi handsápa við handlaugar. Að jafnaði skulu ekki fleiri en 10 fangar vera um hverja snyrtingu og baðaðstöðu.
- 2.6 Rúm skal vera a.m.k 2 m x 0,8 m með rúmfatageymslu og fullnægjandi rúmfatnaði.
- 2.7 Í afplánunarfangelsum skal vera aðstaða og tæki til vinnu, tómskunaiðkana og líkamsþjálfunar.
- 2.8 Hitastýrð blöndunartæki skulu vera í handlaugum og böðum og skal vatnshiti ekki fara yfir 43°C við töppunarstað. Fyrirtæki sem voru með gilt starfsleyfi 10. janúar 2003 hafa frest til 1. janúar 2006 til að uppfylla kröfu um vatnshita.
- 2.9 Gólfhlötur lokaðs salernisrýmis skal vera minnst 1,2 m² og loftræst með opnanlegum glugga eða vélrænni loftræstingu.

3. Hreinlæti og þrif

- 3.1. Húsnæði og öll aðstaða skal þrífín reglulega, í sameiginlegum rýmum skulu fara fram dagleg þrif. Hreinlætisáætlun skal vera skrifleg, þar skal m.a. koma fram hvernig staðið skuli að sótthreinsun. Alsherjarhreingerningu skal gera minnst árlega.

- 3.2. Loftræsikerfi skal hreinsa og þjónusta reglulega. Þjónustuhandbók eða samsvarandi leiðbeiningar skulu vera aðgengilegar fyrir eftirlitsaðila.
- 3.3. Skipt skal um rúmföt eftir þörfum og alltaf þegar nýr fangi kemur inn. Þvottur skal þveginn við fullnægjandi aðstæður. Handklæði og rúmföt skal þvo við a.m.k. 60°C. Hreint lín skal aðskilið frá óhreinu.
- 3.4. Gólfefni og frágangur húsnæðis skal vera þannig að þrif séu auðveld.
- 3.5. Reykingar eru bannaðar í sameiginlegum rýmum, en leyfa má reykingar í herbergjum fanga enda sé loftræsing fullnægjandi. Ef um tveggja manna klefa er að ræða eru reykingar óheimilar nema báðir reykja. Í fangelsum skal boðið upp á reyklausa klefa. Í fangelsum má gera ráð fyrir sameiginlegum reykrýmum sem eru lokuð og vel loftræst.

4. Matvæli

- 4.1. Fara skal að ákvæðum matvælaeðlunar um matvælaeftirlit og hollustuhætti við framleiðslu og dreifingu matvæla.

5. Umhverfismál

- 5.1 Aðkoma og lóð skulu vera hrein og snyrtileg og uppfylla almenn öryggissjónarmið
- 5.2 Leitast skal við að draga úr sorpmyndun og auka endurvinnslu/-úrgangs.
- 5.3 Spilliefni skulu geymd þannig að ekki sé hætt á mengun umhverfis eða skaðlegum áhrifum á lífríki. Spilliefnum þ.m.t. nálar og oddhvas úrgangur skal safnað, þau geymd og flutt í þar til gerðum umbúðum til viðurkenndra móttökustöðva. Kvittanir fyrir skilum skulu aðgengilegar eftirlitsaðilum.
- 5.4 Lyf og hættuleg efni skulu geymd á viðhlítandi hátt. Öryggisleiðbeiningar fyrir hættuleg efni skulu vera aðgengilegar. Efnavara skal merkt á fullnægjandi hátt.
- 5.5 Leitast skal við að nota umhverfisvæn efni til þrifa o.þ.h. þar sem því verður við komið og forðast óþarfa notkun á efnavöru.
- 5.6 Fara skal að ákvæðum reglugerðar um fráveitur og skólp eftir því sem við á.

Starfsleyfissskilyrðin eiga sér m.a. stoð í eftirfarandi lögum og reglugerðum með síðari breytingum:

Lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, reglugerð um hollustuhætti nr. 941/2002, reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs, reglugerð nr. 806/1999 um spilliefni, reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp, reglugerð nr. 184/2002 um flokkun spilliefna, lög reglugerð nr. 236/1990 um flokkun og meðferð eiturefna, hættulegra efna og vörutegunda, sem innihalda slík efni, lögum nr. 93/1995 um matvæli, reglugerð nr. 522/1994 um matvælaeftirlit og hollustuhætti við framleiðslu og dreifingu matvæla, reglugerð nr. 536/2001 um neysluvatn, lög nr. 6/2002 um tóbaksvarnir, byggingareglugerð nr. 441/1998.

Atvinnugreinaflokkur (ISAT): 75.23 dómstólar og fangelsi